

## Lög Bogfimisambands Íslands

### 1. Grein

Nafn sambandsins er Bogfimisamband Íslands, skammstafað BFSÍ.

BFSÍ er æðsti aðili bogfimiíþróttanna innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí), og fer með sérgreinamálefni bogfimiíþróttanna á Íslandi. BFSÍ er aðili að Alþjóðabogfimisambandinu, World Archery (WA) og Evrópubogfimisambandinu, World Archery Europe (WAE).

Aðsetur sambandsins og varnarþing er í Reykjavík.

### 2. Grein

BFSÍ er samband ~~héraðssambanda og íþróttabandalaga~~ íþróttahéraða. Öll félög innan þeirra er iðka og keppa í bogfimiíþróttum samkvæmt skilgreiningu WA geta átt aðild að BFSÍ og skulu lög þeirra vera í samræmi við lög BFSÍ og ÍSí.

**Commented [A11]:** Í samræmi við lagabreytingar hjá ÍSí þar sem verið hefur verið að færa sig frá óþjálá orðalaginu „héraðssambanda og íþróttabandalaga“ í „íþróttahéraða“.

### 3. Grein

Tilgangur sambandsins og markmið BFSÍ er í meginatriðum að:

1. vinna að framgangi bogfimiíþróttanna og útbreiðslu þeirra á Íslandi;
2. hafa yfirstjórn allra sérgreinamálefna bogfimiíþróttanna á Íslandi;
3. ~~setja~~ setja og fylgja eftir reglum, fræða og ~~fagleggilda~~ fagleggilda dómara og þjálfara í íþróttinni, staðsetja og framkvæma mót BFSÍ og staðfesta íslensk met;
4. ~~vera~~ vera fulltrúi Íslands gagnvart erlendum alþjóðlegum og fjölþjóða bogfimisamtökum innan ólympíuhreyfingarinnar og gæta þess að gildandi reglur um bogfimiíþróttir á Íslandi séu í samræmi við alþjóðareglur;
- 4-5. ~~efla~~ efla og skipuleggja málefni og verkefni landsliða;
- 5-6. ~~stuðla~~ stuðla að auknum skilningi á málefnum sambandsins útávið;
- 6-7. ~~stuðla~~ stuðla að góðri samvinnu félaga sinna;
- 7-8. ~~stuðla~~ stuðla að gerð og útgáfu fjölmiðlaefnis til framdráttar íþróttarinnar;
- 8-9. ~~leitast~~ leitast við að jafna ágreining, er upp kann að koma á milli sambandsaðila. Sambandið skal þó ekki hafa þar úrskurðarvald nema báðir eða allir aðilar óski þess.

**Commented [A12]:** Löggilding er almennt samkvæmt landslögum. Faggilding er meira viðeigandi tengt því að gilda réttindi dómara og þjálfara í íþróttinni.

**Commented [A13]:** Einfaldara orðalag. Með aðild að alþjóðlegum samtökum kemur almennt sjálfkrafa aðild að fjölþjóða samtökum s.s. með aðild að WA er BFSÍ sjálfkrafa aðili að undirsambandi þess WAE þar sem Ísland er í Evrópu.

### 4. Grein

Málefnum BFSÍ er stjórn að af:

- bogfimiþingi BFSÍ, sem fer með æðsta vald í málefnum og setur lög sambandsins;
- stjórn BFSÍ, sem fer með æðsta vald í málefnum sambandsins á milli bogfimiþinga og kemur fram fyrir hönd sambandsins;

Reikningsár BFSÍ er almanaksárið.

### 5. Grein

Enginn sambandsaðili hefur tilkall til hluta af sjóðum sambandsins, þótt hann hverfi úr sambandinu eða því verði slitið. Sambandsaðilar innan sambandsins bera enga ábyrgð á skuldbindingum þess með öðru en gjöldum sínum til sambandsins.

Félagsmenn í bogfimifélögum, sem eru á 18 ári og eldri, greiða félagsgjald til BFSÍ sem er ákveðin fjárhæð fyrir hvern. Félagsgjöld eru ákveðin á bogfimiþingi fyrir næstu tvö ár. Gjaldstofn miðast við félagaskrá í starfsskýrslum ÍSÍ síðasta árs. Bogfimifélög innheimta félagsgjöld fyrir hönd BFSÍ og skal greiða þau til BFSÍ fyrir 1. ágúst ár hvert.

## 6. Grein

Bogfimiþing BFSÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins og skal það haldið fyrir 31. mars hvert oddatölu ár. Bogfimiþing má ekki halda á sömu dögum og Íþróttþing ÍSÍ eða formannafundi ÍSÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim íþróttabandalögum, héraðssamböndum og félögum sem mynda sambandið.

Fulltrúafjöldi hvers sambandsaðila fer eftir tölu iðkenda samkvæmt starfsskýrslum til ÍSÍ síðasta árs sem hér segir:

- 10 til og með 1050 : einn fulltrúi
- Fyrir hvert byrjað hundrað til viðbótar bætist við einn fulltrúi 51 til og með 100 : tveir fulltrúar
- 101 til og með 200 : þrjú fulltrúar
- 201 til og með 400 : fjórir fulltrúar
- 401 og fleiri : fimm fulltrúar

Bogfimiþing skal boðað með eigi minna en eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum BFSÍ. Rafræn boðun er lögmat ásamt tilkynningu á heimasíðu BFSÍ, bogfimi.is.

Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu berast stjórn BFSÍ minnst 3 vikum fyrir þing. Þetta á einnig við um framboð til formanns og stjórnar BFSÍ. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda sambandsaðilum skriflegt fundarboð í tölvupósti (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál, borin upp með styttri fyrirvara, að fengnu samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa.

Bogfimiþing er lögmat ef löglega hefur verið til þess boðað.

Þau ár sem bogfimiþing er ekki haldið boðar stjórn BFSÍ til formannafundar í mars.

## 7. Grein

Á bogfimiþingi hafa fulltrúar þeirra sambandsaðila sem eru skuldlaus við BFSÍ fjórum vikum fyrir bogfimiþing einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á þinginu, með málfrelsi og tillögurétt hafa allir eftirfarandi þingfulltrúar:

1. stjórn BFSÍ;
2. framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri ÍSÍ;
3. einn fulltrúi frá stjórn hvers íþróttahéraðs sem hefur bogfimi innan sinna vébandahéraðssambönd og íþróttabandalög;
4. fastráðnir starfsmenn BFSÍ;
5. allir nefndarmenn/fulltrúar BFSÍ;
6. fulltrúi menntamálaráðherra;

Auk þess getur stjórn BFSÍ boðið öðrum aðilum þingsetu telji hún ástæðu til.

Allir fulltrúar skulu tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal skila kjörbréfum við upphaf þinghalds. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði.

**Commented [A14]:** Bætt inn í löginn með því markmiði að mögulegt sé að rukka félagsgjöld fyrir aðild að BFSÍ að sama fordæmi og margar íþróttir gera til þess að standa undir rekstri íþróttarinnar og sérsambandsins (t.d. Gólfambandið). Félagsgjöldin eru ákveðin af þingfulltrúum á bogfimiþingi og ættu því aldrei að vera hærrí en félögin telja að þau geti borið fjárhagslega. Hugmyndin er þá að félögin hækki félagsgjöld í sínum félögum um þá upphæð sem ákveðin er á þingi. Þessi aðferð mun reynast nauðsynleg í framtíðinni m.a. til þess að fjármagna og sinna t.d. ungmenna afreksstarfi sambandsins. Einnig er litið á iðkenda tölur sérsambanda sem rukka félagsgjöld sem áreiðanlegri tölur en hjá þeim sérsamböndum sem gera það ekki, sem bætir stöðu sambandsins innan íþróttahreyfingarinnar. Ekki er verið að horfa til þess að greidd séu félagsgjöld fyrir ungmenni (U18)

**Commented [A15]:** Ef félag er með 0 iðkendum þá er ekki ástæða til þess að það eigi fulltrúa á þingi. Þar sem félagið er þá ekki að fara með atkvæði neins iðkanda í íþróttinni. (slíkt gerist t.d. vegna þess að félagið hefur ekki skilað lögboðnum skýrslum til ÍSÍ, félagið skilað 0 iðkendum í bogfimeild eða félagið er óvirkt)

**Formatted:** Indent: Left: 1,27 cm, No bullets or numbering

**Commented [A16]:** Einföldun á fulltrúafjölda, 1 fulltrúi per 100 iðkendum, til að jafna út að hver þingfulltrúi sé að tala fyrir sambærilegan fjölda iðkenda. Er mikilvægt í ljósi þess að BFSÍ mun rukka félagsgjald, til að þeir iðkendum hafi fulltrúa á þingum með svipuðu vægi sem geta farið með þeirra hagsmuni s.s. gagnvart því hve hátt félagsgjald þeir þurfa að greiða. (Sem stendur eru 19% iðkenda með 53% atkvæðavægi á þingum sambandsins, 19% iðkenda geta ákvarðað hvað 81% iðkenda greiða í félagsgjöld. Því er vel vert að jafna þennan mun á atkvæðavægi per iðkanda).

Dæmi um slíkt er t.d. golfi þar sem félög fá 1 fulltrúa fyrir fyrstu 300 iðkendum og svo einn fyrir hvert byrjað hundrað til viðbótar. Þar eru félagsgjöld um 5.500.kr per iðkanda

**Commented [A17]:** Það er skylda sérsambanda að senda fundarboð á ÍSÍ því sakar ekki að bæta því hér inn.

**Commented [A18]:** Skýring á fjölda fulltrúa frá íþróttahéraði með málfrelsi og tillögurétt og breyting til að samræma orðalag í lögum ÍSÍ um íþróttabandalög og héraðssambönd sem íþróttahéruð. Einnig til þess að auðvelda skipulag bogfimiþinga upp á áætlaðan fjölda þingfulltrúa.

Við afgreiðslu almennra mála og í kosningum, ræður einfaldur meirihluti atkvæða viðstaddra atkvæðisbærra fulltrúa, en til lagabreytinga þarf 2/3 hluta sömu fulltrúa.

## 8. Grein

Dagskrá bogfimiþings skal vera eftirfarandi:

1. Þingsetning
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kosning þingforseta
4. Kosning þingritara
5. Ávarp gesta
6. Niðurstaða kjörbréfanefndar kynnt
7. Skýrsla stjórnar lögð fram og kynnt
8. Reikningar BFSÍ lagðir fram og kynntir
9. Umræður og samþykkt reikninga
10. Stjórn leggur fram fjárhagsáætlun lögð fram ásamt tillögum um félagsgjöld BFSÍ og borin undir atkvæði
11. Lagðar fram lagabreytingartillögur sem borist hafa með löglegum fyrirvara, lagabreytingartillögur, umræða og atkvæðagreiðsla
12. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði, umræða og atkvæðagreiðsla
13. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir. Umræða og atkvæðagreiðsla.
14. Kosningar:
  - a) Stjórn, samanber 9. grein
  - b) Tveir skoðunarmenn reikninga
15. Þingslit

Allar kosningar eru framkvæmdar í heyrandi hljóði nema annars sé óskað. Hlýtur sá kosningu, sem flest atkvæði fær. Falli atkvæði jafnt í stjórnarkjöri og það hefur áhrif á hver er kosinn í stjórnarstöðu skal kosning endurtekin með þeim frambjóðendum sem jafnir voru. Ef atkvæði eru ennþá jöfn skal kjósa á ný á sama veg. Falli atkvæði enn jafnt, skal hlutkesti ráða og skal þingforseti annast hlutkestið.

Skýrslu BFSÍ, sem stjórnin leggur fyrir þingið og fundargerð þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum BFSÍ innan tveggja vikna frá þingslitum.

## 9. Grein

Stjórn BFSÍ skal skipuð fimm aðalmönnum og þremur varamönnum:

1. Formaður, kosinn til tveggja fjögurra ára í senn.
2. Fjórir meðstjórnendur. Kosning skal fara þannig fram að kjörtímabil er fjögur ár og skal helmingur meðstjórnenda kjörinn á hverju bogfimiþingi. Tveir meðstjórnendur kosnir til fjögurra ára.
3. Þrjú varamenn, kosnir til tveggja ára.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og skal skipað í embætti varaformanns, gjaldkera og ritara á fyrsta stjórnarfundi eftir bogfimiþing.

**Commented [A19]:** Viðbót á að stjórn leggi fram tillögu að félagsgjöldum BFSÍ fyrir næsta tímabil í samræmi við lagabreytingartillögur um viðbót þeirra.

**Commented [A110]:** Skýrara orðalag til þess að koma í veg fyrir misskilning sem kom t.d. upp á þingi 2021 um að mögulegt sé að leggja til lagabreytingar undir önnur mál ef 2/3 hluti samþykkir að taka þær upp. Aðeins lagabreytingar tillögur sem berast fyrir löglegan fyrirvara eru teknar upp. Það á einnig við um breytingar á þeim lagabreytingar tillögum sem lagðar hafa verið fyrir. Það er gott að það sé ekki hægt að breyta lögum með skömmum fyrirvara án þess að þingfulltrúum hafi verið gefinn nægilegur tími til þess að ihuga og meta þær.

**Commented [A111]:** Til að leysa jafntefli í kosningu tveggja stjórnarmanna þar sem margir eru í framboði ef ske kynni að t.d. 5 séu í framboði, einn hlýtur meirihluta atkvæða og er því kjörinn og 2-3 sæti eru jafnir 4-5 sæti eru með lægri atkvæði þá er aðeins kosið á milli 2-3 aðila í síðari kosningu til að brjóta jafnteflið um hvor þeirra fær 2 sæti. Ef 1-2 sæti eru jafnir hefur það ekki áhrif á hvor er kosinn í stjórnarstöðu og því ekki um jafntefli að ræða, sama gildir um jafntefli t.d. 4-5, þá hefur það ekki heldur áhrif.

**Commented [A112]:** Til að samræma árafjölda tímabila stjórnarmanna (tengt góðum stjórnháttum). Einnig svo að það geti sjaldnar komið upp að meirihluti stjórnar sé kosinn út á sama þingi, og þekking og reynsla rekstur sambandsins tapist að miklu úr stjórn. Þetta tengist einnig mögulegum tímabils takmörkunum á setu stjórnarmanna sem stjórn gæti lagt fram tillögu að í framtíðinni tengt góðum stjórnháttum.

**Commented [A113]:** Breyting á orðalagi svo að tekið sé fram að fjórir meðstjórnendur eru, en aðeins tveir þeirra eru kosnir inn á hverju þingi

Forfallist stjórnarmaður eða hættir störfum í stjórninni tekur varamaður hans stað. Ef formaður hættir störfum tekur varaformaður hans stað þar til á næsta þingi þar sem kosið skal á ný í stöðu formanns. Varaformaður tekur þá við stöðu sinni á ný innan stjórnar ef hann hefur ekki lokið sínu kjörtímabili. Ef meðstjórnandi hættir störfum tekur næsti varamaður við störfum hans út kjörtímabili viðkomandi meðstjórnanda.

Stjórn BFSÍ er heimilt að halda úti frekari reglum með skilgreiningum á hvenær stjórnarmaður telst hættur störfum, sé óvirkur, forfallast eða telst óhæfur til starfa og hvernig stjórn skuli bera sig að til að leysa slík tilfelli og önnur tilfelli sem eru ekki tekin sérstaklega fram í lögum þessum tengt samsetningu stjórnar.

Þar sem þess er kostur skal stjórnin ekki öll vera af sömu kynskráningu í þjóðskrá. Stjórnin skal innihalda að lágmarki einn aðila af hvoru kyni.

## 10. Grein

Stjórn BFSÍ skal halda fundargerðir sem birta skal á vefsíðu sambandsins.

Formaður boðar til stjórnarfundar, og aukalega ef tveir eða fleiri stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfund skal halda eigi sjaldnar en fjórum sinnum á ári.

Stjórn BFSÍ getur boðið öðrum aðilum að sitja stjórnarfund með málfrelsi og tillögurétt telji hún ástæðu til og nafn þess aðila skal fylgja fundarboði.

Komi til atkvæðagreiðslu á stjórnarfundum og atkvæði falla jöfn, þá skal atkvæði formanns ráða úrslitum. Af atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum, en þegar atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns. Stjórnarfundur telst löglegur mæti að minnsta kosti fjórir stjórnarmenn til hans. Þó er ályktun því aðeins lögleg, að þrír stjórnarmenn hið fæsta samþykki hana.

Helstu störf stjórnar BFSÍ eru að:

1. framkvæma samþykktir þinga sambandsins;
2. annast rekstur sambandsins;
3. vinna að eflingu bogfimi með menntun og aðstöðu;
4. semja reglur og reglugerðir fyrir bogfimi og sjá um að farið sé eftir viðurkenndum reglum og lögum sambandsins og WA;
5. ákveða stund og stað fyrir bogfimiþing og formannafund og annast boðun þess;
6. senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar;
7. koma fram erlendis fyrir hönd bogfimiþróttar á Íslandi;
8. velja fulltrúa á Íþróttþing ÍSÍ, auk bogfimi heims-, Norðurlanda- og Evrópuþing;
9. ~~að~~ halda úti Íslandsmetaskrá og staðfesta Íslandsmet og Íslandsmeistara;
10. ~~að~~ halda utan um og uppfæra vefsíðu BFSÍ;
- 10-11. skera úr ágreiningi eða taka ákvarðanir um bogfimimál, sem lög þessi og/eða reglugerðir BFSÍ ná ekki yfir;

Stjórn BFSÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk.

Stjórn getur skipað nefndir eða fulltrúa til að sinna ákveðnum verkefnum fyrir sambandið. Hlutverk þeirra skal tilgreint í reglugerð.

## 11. Grein

Aukabing má halda er nauðsyn krefur að mati meirihluta stjórnar eða ef helmingur sambandsaðila sem mynda BFSÍ óskar þess. Boða má til aukabings með tveggja vikna fyrirvara. Fulltrúar á aukabingi

**Commented [AI14]:** Til að leysa tilfelli þar sem stjórnarmenn hætta störfum eða verða óvirkir. Tengist góðum stjórnháttum. Það var ekki nægilega skýrt í lögum hvernig stjórnin ætti að taka á óvirkum stjórnarmönnum eða hvaða heimild stjórnin hefði því er vert að bæta því inn í lögum svo að það sé öllum skýrt.

Þetta kemur einnig í veg fyrir að upp komi tilfelli þar sem kjósa þyrfti alla stjórnina á sama tíma á þingi af því að þeir stjórnarmenn sem ættu að sitja til næsta þings séu hættir störfum og þyrfti því að kjósa 2 stjórnarmenn til 2 ára, 2 stjórnarmenn til 4 ára og formann til 4 ára og öll reynsla á rekstri sambandsins töpuð úr stjórninni á sama tíma.

**Commented [AI15]:** Breyting á orðalagi til að leysa og samræma við landslög um að nú eru þrjár kynskráningar og samsetning stjórnar getur því verið af fleiri en tveim kynjum (hvoru).

**Commented [AI16]:** Tengist góðum stjórnháttum að skilgreina lágmarksfjölda funda stjórnar sambandsins

**Commented [AI17]:** Lagfæring á orðalagi.

**Commented [AI18]:** Skýring á því að stjórn BFSÍ taki ákvarðanir um bogfimimál sem ekki er ritað um sérstaklega í lögum eða reglum sambandsins (þeim ákvörðunum má að sjálfsgöngu áfrýja til dómstóla ÍSÍ í samræmi við 15. Grein, eins og öllu öðru)

eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt.

Á aukþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt bogfimiþing.

### 12. Grein

Lagabreytingar má aðeins gera á bogfimiþingi, enda hafi þeirra verið getið í fundarboði og ná þær því aðeins fram að ganga, að 2/3 hlutar mættra fulltrúa séu þeim samþykkir. Tillögur um lagabreytingar skal senda stjórn BFSÍ (samanber 6. grein) fyrir bogfimiþing og allar tillögur um lagabreytingar, sem stjórninni hafa borist, skal senda með seinna fundarboði til sambandsaðila. Tillögur um lagabreytingar sem lagðar eru fyrir þing skulu samþykktar eða felldar óbreyttar frá orðalagi í seinna fundarboði, þetta á þó ekki við um stafsetningarvillur og málfraeðivillur sem leyfilegt er að leiðrétta. Lagabreytingar sem samþykktar eru á Bogfimiþingi skulu sendar framkvæmdarstjórn ÍSÍ til staðfestingar.

### 13. Grein

Í kjölfar aðalfunda sambandsaðila skal senda skýrslu og fundargerð aðalfundar þess til stjórnar BFSÍ og upplýsingar um stjórnarmenn, í síðasta lagi tveimur vikum eftir aðalfund sambandsaðila.

### 14. Grein

Allir iðkendur í bogfimiþróttum skulu skráðir í félagakerfi BFSÍ með fullu nafni og kennitölu.

### 15. Grein

Um öll ágreiningsmál er upp kunna að koma innan íþróttarinnar skal farið með samkvæmt kafla 4 í lögum ÍSÍ, um dómstóla ÍSÍ, eftir því sem við á.

### 16. Grein

Engum keppendum skal mismuna vegna kynþáttar, kyns, trúar, getu, aldurs, hjúskaparstöðu, pólitískrar skoðunar eða á nokkurn annan veg.

### 17. Grein

Tillögur um að leggja BFSÍ niður, má aðeins taka fyrir á lögsmætu bogfimiþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst ¾ hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulega þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja BFSÍ niður.

Sé BFSÍ þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir þess.

### 18. Grein

Lög þessi öðlast gildi þegar þau hafa verið samþykkt á bogfimiþingi og framkvæmdastjórn ÍSÍ hefur staðfest þau.

**Commented [AI19]:** Þetta er til þess að skýra að lagabreytingar tillaga sem lögð fyrir á þingi geti ekki verið breytt. Lagabreytingar tillaga sem lögð er fyrir á ákveðinni grein opnar ekki möguleika á því að breyta orðalagi þeirrar lagagreinar á hvaða veg sem er á þinginu. Þar sem sambandsaðilum hefur þá ekki verið fyrirfram kunnugt um þá breytingu í seinna fundarboði þingsins.

Ef þingfulltrúar eru ekki sáttir við það orðalag sem lagt er fyrir í tillögu um lagabreytingar á þingi skulu þeir greiða atkvæði gegn tillögunni. Leggja þarf þá slíka lagabreytinga tillögu fyrir á ný á næsta þingi með breyttu orðalagi, ef en er vilji fyrir slíkri breytingu á lögum.

**Commented [AI20]:** Smá orðalags breyting vegna spurningar sem barst til formanns BFSÍ um hvort að leyfilegt væri að mismuna iðkendum svo lengi sem þeim væri ekki mismunað sem keppendum. Því tillaga um að breyta því í að engum skuli mismuna. Þessi grein er að miklu leiti tekin úr Olympic Charter